

Handbók farsældar

Innleiðing farsældarlaganna á landsvísu



Barna- og
fjölskyldustofa

Efnisyfirlit

Inngangur	1	4. skref – Aðgerðaáætlun	20
Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna	3	Sniðmát	21
Nytsamlegir hlekkir.....	5	5. skref – Framkvæmd	22
Stuðningur við innleiðingu farsældarlaga	6	6. skref – Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur	23
Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu	6	7. skref – Ný markmið og áframhald	25
Samvinna BOFS og UNICEF á Íslandi um gerð handbókar farsældar	7	Gátlisti	26
Nytsamlegir hlekkir.....	9	Nytsamlegir hlekkir.....	26
Innleiðingarhringur farsældar	10	Svona höfum við áhrif í farsælum sveitarfélögum og stofnunum	28
1. skref – Upphaf og undirbúningur	12	Nytsamlegir hlekkir.....	28
Gátlisti.....	15	Fyrirmyndarverkefni farsældar	29
Sniðmát af skýrslu	15	Akraneskaupstaður – Í átt að farsælu og barnvænu sveitarfélagi	30
Nytsamlegir hlekkir.....	15	Sveitarfélagið Árborg – Stafræn vegferð farsældarteymis Árborgar við innleiðingu skilvirkra boðleiða þvert á þjónustukerfi.....	32
2. skref – Stöðumat	16	Vestmannaeyjabær – Lærdómsferli innleiðingar: reynsla af innleiðingarferlinu og viðhorfsbreytingum í samfélaginu	35
Gátlistar.....	16	Eyðublöð og útgafið stuðningsefni	37
Viðaukar og nytsamlegir hlekkir.....	17	Nytsamlegir hlekkir	39
3. skref – Fræðsla	18		
Sniðmát	19		
Nytsamlegir hlekkir.....	19		


Inngangur

Markmið með handbók um farsæld

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tóku gildi í janúar 2022, lög sem oft eru nefnd farsældarlögin til einföldunar. Það kom fljótt í ljós þörf fyrir fræðslu- og stuðningsefni vegna innleiðingar farsældarlaganna frá þeim sem hafa hlutverki að gegna samkvæmt lögnum. Til að svara þeirri eftirspurn hefur Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) búið til ýmiss konar stuðningsefni þ.m.t. rafræn námskeið, gátlista, matsblöð, skapalón og leiðbeiningar fyrir tengiliði og málstjóra farsældar. Á vormánuðum 2024 ákvað BOFS að hefja vinnu við gerð handbókar farsældar til að styðja enn betur við sveitarfélög og ríkisstofnanir sem hafa hlutverk samkvæmt farsældarlögnum. Handbókin er unnin í samvinnu við Mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) á Íslandi. Samvinnan við UNICEF byggir á reynslu þeirra og þekkingu við að innleiða verkefnið Barnvæn sveitarfélög og er handbók þeirra fyrirmynd Handbókar farsældar. Handbækurnar byggja á breytingarkenningunni (e. Theory of Change) og innleiðingarfræðum þar sem lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu milli stjórnvalda, sveitarfélaga og samfélagsins í heild.

Handbók farsældar

Handbók farsældar er rafræn en einnig er hægt að nálgast hana á PDF formi. Hún inniheldur gagnleg ráð við innleiðingu ásamt leiðbeiningum, fræðsluefni og öðru stuðningsefni sem BOFS hefur gefið út í tengslum við farsældarlögin. Hér er því allt efnið dregið saman á einn stað sem ætti að auðvelda aðgengi að upplýsingum og gagnlegum skjölum. Handbókin ætti að nýtist bæði þeim sem bera ábyrgð á innleiðingu farsældarlaganna hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum, en einnig öðrum sem hafa hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.



Samræmd vinnubrögð á landsvísu

Eitt af markmiðum farsældarlaganna er að öll börn á Íslandi fái sömu þjónustu óháð búsetu og með tilkomu handbókar farsældar aukast líkur á samræmdum vinnubrögðum á landsvísu þegar kemur að vinnslu mála í samþættingu þjónustu. Einnig er handbókin grunnur fyrir starfsfólk BOFS, MRN og annarra leiðbeinandi stofnana til að tryggja samræmda ráðgjöf og handleiðslu þessara aðila. Þá er handbók farsældar ætlað að stuðla að gæðaviðmiðum og eftirfylgd með innleiðingu farsældarlaganna á landsvísu.

Horft er á handbókina sem lifandi skjal sem getur tekið breytingum með aukinni reynslu og þekkingu á framkvæmd farsældarlaganna. Það er einlæg ósk starfsfólks BOFS og MRN sem að þessari vinnu komu að handbók farsældar komi að góðum notum.



FARSÆLD BARNA

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

Farsældarlögin

Upphafið

Vinna við breytingar í þágu barna hófust á vormánuðum 2018 þegar Ásmundur Einar Daðason, þá félags- og jafnréttismálaráðherra, boðaði til ráðstefnu um snemmtæka íhlutun í málefnum barna sem markaði upphaf að miklu samstarfi og samtali um leiðir til að auka farsæld barna. Í framhaldinu skrifuðu fimm ráðherrar og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu í þeim tilgangi að *brjóta niður múra á milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag*. Eitt helsta nýmæli farsældarlaganna er að marka samstarfi mismunandi þjónustukerfa skýran farveg í lögum. Frá því að farsældarlögin tóku gildi hefur markvisst verið unnið að innleiðingu þeirra á vegum ríkis og sveitarfélaga um allt land.


Markmið og grunnstoðir farsældar

Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái *réttu aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum*.

Markmiðið er að þau sem vinna með börnum og fjölskyldum þeirra leggi sitt af mörkum til að tryggja að verndandi þættir séu til

staðar í lífi allra barna, þættir sem oft eru nefndir fimm grunnstoðir farsældar:

- Heilsa og vellíðan
- Menntun
- Þátttaka og félagsleg tengsl
- Öryggi og vernd
- Lífsgæði og félagsleg staða



Framkvæmd

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþrótt- og tómstundastarfs og heilbrigðisþjónustu hefur með lögunum fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við með tilteknum hætti ef vísbendingar koma upp um að þörfum barna sé ekki mætt.

Börn og foreldrar þeirra skulu hafa aðgang að tengilið farsældar í heilsugæslu, skóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að halda utan um og sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana. Í málum þar sem börn hafa þörf fyrir fjölbætta þjónustu hafa þau og foreldrar þeirra aðgang að málstjóra farsældar hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfar barns liggja hverju sinni.

Þjónusta fyrir börn er veitt á þremur þjónustustigum. Gott er að hafa í huga að sú þjónusta sem barnið fær er stigskipt en ekki mál barnsins sem slíkt. Þannig geta börn fengið þjónustu á fleiri en einu þjónustustigi á sama tíma.

Í farsældarlögunum er kveðið á um að samþætting sé þjónustuboð til foreldra og barna sem er að öllu leyti valkvæð. Ef foreldrar óska ekki eftir samþættingu þá eiga þau samt sem áður rétt á þjónustu, eini munurinn er að hún er þá ekki samþætt í skilningi laganna.

Áhrif á önnur lög er varða þjónustu við börn

Farsældarlögin hafa haft víðtæk áhrif, þannig hefur ýmsum lögum er varða þjónustu við börn verið breytt til samræmis við farsældarlögin, t.a.m. barnaverndarlögum, lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögum um börn með langvarandi stuðningsþarfir. Einnig tekur ný löggjöf víða mið af farsældarlögunum.

Innleiðingartímabil

Það að innleiða nýja hugsun og nýja nálgun í alla stjórnsýslu sveitarfélaga og stofnana tekur tíma og því hefur innleiðingartímabil farsældarlaganna verið áætlað þrjú til fimm ár frá gildistöku þeirra. Á sama tíma hafa sveitarfélög og ríkisstofnanir sem hafa hlutverk samkvæmt farsældarlögum fengið árlega úthlutað fjármagni til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Í aðdraganda lagasetningarinnar var unnin kostnaðargreining sem leiddi m.a. í ljós að hagkvæmni breytinganna mun taka nokkur ár að koma að fullu í ljós, þ.e.a.s. þar til börnin sem fengið hafa þjónustu samkvæmt löggjöfinni ná fullorðinsaldri. Fyrstu árin eftir innleiðingu laganna mun kostnaður vera hærri en ávinningur en til lengri tíma litið vegur ávinningurinn þó mun þyngra en kostnaðurinn. Auk þess munu lögin ekki hafa neikvæð umhverfisáhrif, heldur eingöngu jákvæð áhrif á líf barna og fjölskyldna þeirra, sem leiðir til aukinnar vellíðanar og velmegunar fyrir þjóðina í heild. Það er því ljóst að farsældarlöggjöfin er með arðbærari verkefnum sem íslenska ríkið hefur ráðist í.

Nytsamlegir hlekkir


- [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og greinargerð](#)
- [Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna – stöðuskýrsla til ráðherra á þriðja ári innleiðingar](#)
- [Framlög Jöfnunarsjóðs 2024 vegna samþættingar á þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Fjárhagslegur ávinningur og kostnaður \(myndband\)](#)

Stuðningur við innleiðingu farsældarlaga

Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu

Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) er leiðandi aðili í innleiðingu farsældarlaganna. Hlutverk BOFS er meðal annars að samræma vinnubrögð og styðja við samtal ólíkra aðila frá mismunandi stofnunum sem allar eiga það sameiginlegt að sinna þjónustu við börn. Samkvæmt farsældarlögunum eru verkefni BOFS við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna meðal annars:

1. Stuðningur við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, m.a. útgáfa leiðbeininga, gátlista og annars stuðningsefnis um samþættingu fyrir þá sem veita þjónustu í þágu farsældar barna, sem og útgáfa staðlaðra eyðublaða og upplýsinga til notenda þjónustunnar.
2. Reglubundin fræðsla um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna til þeirra sem koma að samþættingunni.
3. Ráðgjöf við tengiliði, málstjóra og stuðningsteymi, m.a. aðstoð við vinnslu einstakra mála.
4. Að ákvarða tilgang og aðferðir við vinnslu persónu-upplýsinga á grundvelli 15. gr. og V. kafla.
5. Önnur verkefni sem þjóna markmiðum farsældarlaga samkvæmt ákvörðun ráðherra.



Á farsældarsviði BOFS starfa sérfræðingar sem veita aðstoð og ráðgjöf vegna innleiðingar farsældarlaganna ásamt ráðgjöf vegna vinnslu einstakra mála. Ef spurningar vakna er fólk hvatt til að hafa samband með tölvupósti farsaeld@bofs.is eða í síma 530 2600.

Samvinna BOFS og UNICEF á Íslandi um gerð handbókar farsældar

Eitt af meginmarkmiðum farsældarlaganna er að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Samningurinn, sem oft er nefndur Barnasáttmálinn, varð að lögum á Íslandi í febrúar 2013. Markmiðið með lögfestingunni var að tryggja að honum væri beitt í auknum mæli og hefði bein áhrif á íslenskt samfélag.

Barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna Verkefnið Barnvæn sveitarfélög styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi. Barnvæn sveitarfélög byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative (CFCI), sem hefur verið innleitt í þúsundir sveitarfélaga um allan heim frá 1996. Í lok árs 2019 var undirritaður samstarfssamningur á milli MRN og UNICEF á Íslandi um innleiðingu verkefnisins undir formerkjum Barnvænt Ísland. Áætlað var að á næsta áratugi frá undirritun hafi íslensk stjórnvöld, þar með talið öll sveitarfélög á Íslandi hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og tileinkað sér barnaréttindanálgu í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum.

Greinar Barnasáttmálans sem liggja að baki öllum fimm grunnstoðum farsældar



Hugtakið „farsæld barns“ er lykilhugtak í farsældarlögunum en það er skilgreint sem „*aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar*“. Við túlkun hugtaksins skal meðal annars taka mið af **6. gr. Barnasáttmálans um líf og þroska** en þar er áhersla lögð á að sérhvert barn hafi meðfæddan rétt til lífs og að tryggja skuli öllum börnum aðstæður þar sem þeim getur liðið vel og fái tækifæri til að þroskast og dafna.

Auk 6. gr. Barnasáttmálans liggja eftirfarandi greinar að baki öllum fimm grunnstoðum farsældar:

2. gr. Öll börn eru jöfn



Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúá, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

3. gr. Það sem barninu er fyrir bestu

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.



12. gr. Virðing fyrir skoðunum barna

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjáltslega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.



Samlegðaráhrif innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Eins og fram hefur komið byggir handbók farsældar á handbók Barnvænna sveitarfélaga. Þar sem töluverð samlegðaráhrif eru við innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga hefur gefist vel að vinna þessi tvö verkefni samhliða. Það ber að taka fram að handbækurnar eru sjálfstæðar en tala vel saman og auðvelda þannig sveitarfélögum sem kjósa að vinna samhliða að innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga. Í handbók farsældar er því að finna vísanir í handbók Barnvænna sveitarfélaga.

Nytsamlegir hlekkir

- [Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013](#)
- [Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Barnvæn sveitarfélög.is](#)



Innleiðingarhringur farsældar


Innleiðingarhringur farsældarlaganna inniheldur sjö skref en gert er ráð fyrir því að það taki sveitarfélög og stofnanir mislangan tíma að ljúka hringnum. Að honum loknum er mikilvægt að setja saman ný markmið sem stuðla að því að viðhalda farsældinni í öllu starfi með börnum og fjölskyldum þeirra.

Skref innleiðingarhringsins eru:

1. Upphaf og undirbúningur
2. Stöðumat
3. Fræðsla
4. Aðgerðaáætlun
5. Framkvæmd
6. Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur
7. Ný markmið og áframhald

Gátlistar til að meta stöðu innleiðingar

Í ljósi þess að flest sveitarfélög og stofnanir eru þegar komin af stað í innleiðingu farsældarlaganna var ákveðið að tengja gátlista um stöðu innleiðingar við innleiðingarhring farsældar. Sveitarfélög og stofnanir geta nýtt gátlistana til að meta hvar þau eru stödd í innleiðingunni; þ.e. hvað er búið að gera, hvað vantar upp á og í kjölfarið gert aðgerðaáætlun út frá því.



Hægt er að nálgast gátlistana um stöðu innleiðingar bæði á pdf og rafrænu formi. Með því að fylla út rafræna formið samþykkir sveitarfélag/stofnun að deila svörum um stöðu innleiðingar með farsældarsviði BOFS. Það stuðlar að aukinni yfirsýn yfir stöðu innleiðingar og markvissari ráðgjöf af hálfu BOFS. Mælst er til þess að sveitarfélög/stofnanir nýti rafrænu útgáfuna.

Verklags- og viðhorfsbreytingar

Farsældarlögin fela í sér breytingar á ýmsum sviðum þegar kemur að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Um er að ræða bæði verklags- og viðhorfsbreytingar í málefnum barna sem eru þó misumfangsmiklar eftir sveitarfélögum og stofnunum.

Hér á eftir er farið ítarlega yfir skrefin sjö ásamt gátlistum, leiðbeiningum og ítarefni sem styðja við innleiðingarferlið.



1. skref – Upphaf og undirbúningur

- Sveitarfélagið/stofnunin setur í forgang að innleiða farsældarlögin
- Kynning á farsældarlögunum nær til allra sem stýra þjónustu við börn
- Tryggja þarf samtal strax í upphafi við alla sem veita þjónustu í þágu farsældar barna innan marka sveitarfélagsins
- Tilnefning ábyrgðaraðila innleiðingar farsældarlaganna hjá sveitarfélagi/stofnun
- Stofnun stýrihóps farsældar

Hér er meginmarkmiðið að sveitarfélög/stofnanir setji það í forgang að innleiða farsæld og vinni eftir löggjöfinni. Sveitarfélög/stofnanir eru ólík hvað varðar stærð og skipulag sviða og/eða deilda sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur.

Mikilvægt er að skoða hvernig þörfum barna og foreldra er mætt í dag í núverandi skipulagi sveitarfélags/stofnunar. Leggja þarf mat á hindranir í stjórnsýslu sem geta flækt samvinnu á milli deilda/sviða þegar kemur að þjónustu við börn og foreldra. Skoða þarf boðleiðir og núverandi verklag á milli sviða/deilda og skýra og skilgreina samstarf, hlutverk og ábyrgð allra aðila. Einnig þarf að taka mið af samstarfssamningum sem geta verið á milli sveitarfélaga og stofnana um verkefni sem varða börn og fjölskyldur þeirra svo sem barnavernd, skólamál, félagsþjónustu

og fleira. Farsældarlögin taka til allrar þjónustu innan skólakerfisins: í leik-, grunn- og framhaldsskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Jafnframt er átt við þjónustu sem er veitt innan heilbrigðiskerfisins, á heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum, félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu og þjónustu við fötluð börn, auk verkefna lögreglu. Allir sem stýra þjónustu við börn þurfa að tala saman og þekkja farsældina og samvinnuna sem hún felur í sér, bæði innan sveitarfélags/stofnunar en einnig við önnur kerfi og stofnanir.

Leiðarljós farsældarlaganna er þverfaglegt samstarf innan þeirra kerfa sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Meginmarkmið laganna er að brjóta niður múra á milli kerfa og þá þurfa allir staðbundnir þjónustuveitendur að ganga í takt. Mikilvægt er að draga alla að borðinu þegar farsældarlögin eru kynnt og tryggja þarf samtal, strax í upphafi, við alla sem veita þjónustu í þágu barna innan marka sveitarfélagsins.

Víðtækt eignarhald þjónustuveitenda á innleiðingu verkefnisins getur skipt miklu máli þegar kemur að velgengni innleiðingarinnar. Með því að draga alla að borðinu í upphafi aukast líkurnar á því að innleiðingin gangi hraðar og betur fyrir sig. Ótvírætt er að góð samvinna í einstökum málum mun ekki nást nema jafnframt sé unnið að almennu samráði og samtali milli þjónustuveitenda. Allir þurfa að vera meðvitaðir um að þegar kemur að innleiðingu af

Þessari stærðargráðu, þar sem margir þjónustuveitendur koma saman, getur komið upp ágreiningur á öllum stigum og þar geta legið að baki áratuga langar ólíkar hefðir eða reynsla. Slíkan ágreiningur verður að leysa eins fljótt og auðið er.¹ Mælt er með að skoða vel myndina *Samstarfsaðila um innleiðingu farsældarlaganna* hér á næstu síðu.


Í ljósi þess er mikilvægt að tilnefndur sé starfsmaður sem ber ábyrgð á innleiðingu farsældarlaganna. Sveitarfélög/stofnanir hafa sum farið þá leið að búa til stöðugildi í kringum innleiðingu farsældarlaganna á meðan önnur leggja þá ábyrgð á starfsmann sem er nú þegar í öðrum störfum hjá sveitarfélaginu/stofnuninni. Mikilvægt er að tryggja að ábyrgðaraðilinn hafi þann tíma, svigrúm og stuðning sem hann þarf til að vinna að innleiðingu farsældarlaganna. Hafa ber í huga að mikill munur getur verið á umfangi verkefna ábyrgðaraðila eftir stærð og eðli þjónustunnar sem viðkomandi sveitarfélag/stofnun er að sinna. Einnig eru sum sveitarfélög/stofnanir með samning við annað sveitarfélag/stofnanir sem sinna þjónustu við börn fyrir þau, þá er ábyrgðaraðili innleiðingar farsældar hjá því sveitarfélagi/stofnun ábyrgðaraðili hjá báðum.

Þá er einnig mikilvægt að ábyrgðaraðilar innleiðingar farsældarlaganna komi á fót stýrihópi farsældar. Stýrihóp farsældar skipar starfsfólk sveitarfélags/stofnunar með ólíkan bakgrunn og frá

mismunandi sviðum sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna stjórnar og ber ábyrgð á vinnu stýrihóps á meðan á innleiðingarferli stendur.

¹ <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/upplýsingasamfelagid/mpa-lokaritgerd-endanleg-skila-skemmu.pdf>

SAMSTARFSADILAR UM INNLEIÐINGU FARSÆLDARLAGANNA



*Innviðaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið

Gátlisti

- [Gátlisti 1.1 – Upphaf og undirbúningur - Rafrænn](#)

Sniðmát af skýrslu

- [Sniðmát af skýrslu vegna innleiðingar farsældarlaganna \(ef ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna vill nýta\)](#)

Nytsamlegir hlekkir


- [Æskulýðslög](#)
- [Handbók UNICEF um merkingarbæra þátttöku ungmennaráða](#)
- [Samband íslenskra sveitarfélaga](#)

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 1 - Staðfesting



- **Kynningar:** Þegar kemur að því að kynna innleiðingarverkefnið fyrir starfsfólki sveitarfélagsins getur reynst vel að búa til eina sameiginlega kynningu og fara með.
- **Samvinna:** BOFS og UNICEF mæla með því að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældar vinni náið með umsjónarmanni Barnvænna sveitarfélaga. Mikilvægt er að þessir aðilar séu í góðu samtali þar sem margt er hægt að samnýta og skipuleggja saman, sérstaklega fræðslu/kynningar og aðgerðaáætlanir.
- **Stýrihópur:** Mælt er með því að skoðað sé hvort að stýrihópar innleiðingarverkefnanna geti unnið saman eða hvort að þeir geti samanstaðið af sömu aðilum að einhverju leyti. Hóparnir eru að rýna í stöðu barna og hugsa á líkan hátt þó að verkefnið sé ekki þau sömu.



2. skref – Stöðumat

- Mat á stöðu sveitarfélags/stofnunar á innleiðingu farsældarlaganna
- Ábyrgðaraðili farsældar og stýrihópur svara eftirfarandi gátlistum:
 - 2.1 – Fræðsla
 - 2.2 – Stigskipting þjónustu
 - 2.3 – Vinnsla persónuupplýsinga
 - 2.4 – Tengiliðir farsældar
 - 2.5 – Málstjórar farsældar
- Niðurstöður stöðumats teknar saman og hægt að óska eftir stuðningi og/eða endurgjöf frá farsældarsviði BOFS
- Aðgerðaáætlun innleiðingar farsældar byggir á niðurstöðum stöðumats

Áður en ráðist er í breytingar er mikilvægt að átta sig á hvar sveitarfélagið/stofnunin stendur í dag hvað varðar innleiðingu á farsældarlögunum. Stýrihópur farsældar byrjar á því að svara meðfylgjandi gátlistum með það að markmiði að skilja betur hvar sveitarfélagið/stofnunin stendur. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna og stýrihópurinn geta leitað upplýsinga utan hópsins gerist þess þörf og/eða fengið stuðning frá farsældarsviði BOFS.

Mælt er með að stýrihópurinn kynni sér gátlistana á fyrsta fundi sínum og svari þeim í sameiningu. Stýrihópurinn getur síðan skipt með sér verkum, þ.e. hver tekur að sér að finna svör í þeim tilvikum sem þeirra þarf að leita. Einnig er mælt með því að stýrihópurinn hafi gátlistana á sameiginlegu svæði þannig að allir aðilar stýrihópsins geti sett inn svör. Gott er að miða við ákveðna

dagsetningu til að hafa lokið við að finna öll svör þannig að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna hafi tækifæri til að taka niðurstöðurnar saman. Á næsta fundi eru niðurstöðurnar svo kynntar og ræddar.

Þegar öllum gátlistum hefur verið svarað tekur ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna niðurstöðurnar saman og fer yfir þær með stýrihópnum. Ábyrgðaraðilinn getur sent samantektina á farsældarsviði BOFS og óskað eftir stuðningi og/eða gagnlegum ábendingum. Stýrihópurinn byggir síðan aðgerðaáætlun um innleiðingu farsældarlaganna á þessum niðurstöðum.

Gátlistar

- [Gátlisti 2.1 - Fræðsla \(Word\) - Rafrænn](#)
- [Gátlisti 2.2 - Stigskipting farsældarþjónustu – úrræðalisti \(Word\) - Rafrænn](#)
- [Gátlisti 2.3 - Vinnsla persónuupplýsinga við samþættingu þjónustu \(Word\) - Rafrænn](#)
- [Gátlisti 2.4 - Tengiliðir farsældar \(heilsugæsla, sveitarfélög og framhaldsskólar\) \(Word\) - Rafrænn](#)
- [Gátlisti 2.5 - Málstjórar farsældar \(sveitarfélög\) \(Word\) - Rafrænn](#)

Viðaukar og nytsamlegir hlekkir


- [Farsældarþjónusta útskýring – frá almennri til sérhæfðari þjónustu](#)
- [Farsældarþjónusta útskýring – stigskipting](#)
- [Sýnishorn yfir stigskipta farsældarþjónustu](#)
- [Reglur um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra - á ensku og pólsku](#)
- [Beiðni um samþættingu þjónustu – á ensku og pólsku](#)
- [Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Stuðningsefni BOFS fyrir tengiliði farsældar](#)
- [Gátlisti farsældar fyrir heilsugæslur](#)
- [Gátlisti farsældar í heilsueflandi leikskóla - PDF - Ath. hægt að nálgast rafrænt í kerfi heilsueflandi leikskóla](#)
- [Gátlisti farsældar í heilsueflandi grunnskóla - PDF - Ath. hægt að nálgast rafrænt í kerfi heilsueflandi grunnskóla](#)
- [Gátlisti farsældar í heilsueflandi framhaldsskóla - PDF - Ath. hægt að nálgast rafrænt í kerfi heilsueflandi framhaldsskóla](#)
- [Stuðningsefni BOFS fyrir málstjóra farsældar](#)
- [Ferill samþættingar þjónustu](#)
- [Skýringarmynd um miðlun upplýsinga](#)
- [Kostnaðargreining vegna starfa tengiliða og málstjóra farsældar \(myndband\)](#)

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 2 - Stöðumat



- **Leiðbeinandi spurningalistar:** Bent er á að leiðbeinandi spurningalistar í handbók Barnvænna sveitarfélaga geta einnig gagnast í stöðumati innleiðingar farsældarlaganna. Niðurstöður þeirra geta gefið betri innsýn í stöðu sveitarfélagsins þegar kemur að greinum Barnasáttmálans sem búa að baki öllum fimm grunnskólum farsældar, þ.e.:
 - 2. gr. Öll börn eru jöfn
 - 3 gr. Það sem barninu er fyrir bestu
 - 6 gr. Líf og þroski
 - 12 gr. Virðing fyrir skoðunum barna



3. skref – Fræðsla

- Fræðsla um farsældarlögin er alltumlykjandi í innleiðingarferlinu
- Ábyrgðaraðili farsældar setur saman fræðsluáætlun um farsældarlögin þar sem fræðsla til mismunandi hópa er skipulögð og henni forgangsraðað
- Huga þarf að þátttöku barna og ungmenna þegar fræðsla og kynningar til þeirra eru skipulagðar
- Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældar ber ábyrgð á að þjónustuveitendur sveitarfélags/stofnunar fái nauðsynlega fræðslu
- Hægt er að nýta fræðsluefni frá BOFS við kynningar ásamt heimasíðu farsældar - www.farsaeldbarna.is

Mikilvægt er að fræðsla um farsældarlögin sé alltumlykjandi í innleiðingu farsældarlaganna hjá sveitarfélagi/stofnun. Fræðsla er grunnurinn að farsælli innleiðingu og það er mikilvægt að hún sé markviss og regluleg.

Mælt er með því að forgangsraða fræðslu um farsældarlögin fyrst til þeirra sem bera ábyrgð á og veita börnum og foreldrum þeirra þjónustu. Þekking á farsældarlögunum og þeirri ábyrgð sem þau setja á þjónustuveitendur er forsenda þess að foreldrar og börn fái rétta aðstoð, á réttum tíma frá réttum aðilum. Þegar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar hjá sveitarfélagi/stofnun sem miða að því að innleiða farsældarlögin í allt stjórnkerfi og þjónustustofnanir er tímabært að kynna farsældarlögin fyrir börnum og foreldrum.

Fræðsla um farsældarlögin þarf að ná til alls starfsfólks sveitarfélags/stofnunar sem kemur með einhverjum hætti að þjónustu við börn. Kortlagning á starfsmannahópnum er góður undirbúningur og mikilvægt er að horfa á hópinn í víðu samhengi, allt frá þeim sem veita börnum þjónustu með beinum hætti til þeirra sem hafa ákvörðunarvald um fjárveitingar til þjónustu við börn.

Gagnlegt er að útbúa fræðsluáætlun þar sem fræðsla um farsældarlögin til mismunandi hópa er skipulögð og henni forgangsraðað. Hafa ber í huga að almenn fræðsla í stórum hópum til ólíkra aðila sem koma að þjónustu við börn er gagnleg á fyrstu stigum innleiðingar. Sérhæfðari fræðsla til minni hópa er einnig nauðsynleg og gefur tækifæri til ígrundunar viðfangsefnis og samtals um það sem er óljóst.

Mikilvægt er að gera ráð fyrir þátttöku barna og ungmenna þegar kynningar og fræðsla til þeirra er skipulögð, t.d. á hvaða formi slík fræðsla er, efnistöð og uppbygging. Gott er að kynna sér vel verkfærakistu um þátttöku barna á vegum UNICEF hér í nýtsamlegum hlekkjum.

Vakin er athygli á því að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna í samvinnu við stjórnendur ber ábyrgð á að þjónustuveitendur sveitarfélags/stofnunar fái nauðsynlega fræðslu. Hægt

er að nýta eftirfarandi stuðningsefni frá BOFS í fræðslunni eða sem grunn til að byggja á. Einnig getur starfsfólk farsældarsviðs BOFS aðstoðað við skipulagningu fræðslunnar og efnistöð ef óskað er eftir því.

Sniðmát

- [Fræðsla – gagnlegar spurningar við undirbúning fræðslu](#)
(Word)

Nytsamlegir hlekkir

- [Kynning um farsældarlögin \(myndband\)](#)
- [Farsældarskólinn – grunnnámskeið tengiliða og framhaldsnámskeið tengiliða](#)
- [Heimasíða farsældar](#)
- [Barna- og fjölskyldustofa](#)
- [Verkfærakista UNICEF um þátttöku barna](#)
 - Myndband: [Fræðslumyndband UNICEF um jafnræði](#)

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 3 - Fræðsla



- **Skipulag fræðslu:** Gagnlegt getur verið að fræðsla um farsældarlögin og Barnvæn sveitarfélög sé skipulögð saman.
 - Fræða þarf alla þá sem stýra og veita börnum og foreldrum þjónustu þannig að fólk skilji að bæði innleiðingarverkefnið snúast um réttindi barna, geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra og sjái sitt hlutverk í þeim.



4. skref – Aðgerðaáætlun

- Gerð aðgerðaáætlunar um innleiðingu farsældarlaganna
- Aðgerðir í aðgerðaáætlun eru valdar út frá niðurstöðum allra þátta stöðumatsins
- Aðgerðir eru skýrar og vel skilgreindar, þeim fylgir tímarammi og umsjónarmaður
- Aðgerðaáætlun er lögð fyrir sveitarstjórn og/eða fastanefnd/ir sveitarfélaga, eða yfirstjórnir stofnana og hún samþykkt formlega
- Aðgerðaáætlun er kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og þjónustugegum stofnana

Aðgerðaáætlun um innleiðingu farsældar útlistar með skýrum hætti markmið sveitarfélagsins/stofnunarinnar vegna innleiðingar farsældar. Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna og stýrihópur hafa umsjón með gerð aðgerðaáætlunar og velja aðgerðirnar út frá niðurstöðum allra þátta stöðumatsins. Mikilvægt er að þær aðgerðir sem settar eru í aðgerðaáætlun séu skýrar og vel skilgreindar, að þeim fylgi tímarammi og að umsjónarmaður sé tilnefndur fyrir hverja og eina aðgerð.

Umsjónarmaður aðgerðarinnar er ekki með það hlutverk að koma aðgerðinni í framkvæmd upp á eigin spýtur heldur er honum ætlað að vera talsmaður aðgerðarinnar og hafa yfirumsjón með henni. Sá sem tilnefndur er sem umsjónarmaður aðgerðar þarf að vera

upplýstur um hlutverk sitt og hvaða væntingar eru gerðar til hans og vinnunnar. Einnig gæti verið viðeigandi að setja saman verkefnahópa sem vinna sérstaklega að ákveðnum aðgerðum áætlunarinnar í samvinnu við umsjónarmenn aðgerða.

Aðgerðir í aðgerðaáætlun um innleiðingu farsældarlaganna geta til að mynda tekið til þátta sem snúa að auknu samstarfi ólíkra þjónustueininga sem koma að þjónustu við börn, stigskiptingu farsældarþjónustu og gerð úrræðalista sveitarfélags/stofnunar, tilnefningu tengiliða og málstjóra farsældar og verklagi sem snýr að hlutverkum og verkefnum þeirra. Einnig ætti aðgerðaáætlun að innihalda fræðsluáætlun sem snýr að fræðslu fyrir þjónustuveitendur og fræðslu til barna og foreldra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Sumar aðgerðir koma til með að vera umfangsmeiri og tímafrefkari en aðrar en þá er mikilvægt að skilgreina vel markmið með aðgerðinni og brjóta niður í minni viðráðanlegri þætti sem allir miða að því að ná lokamarkmiðinu.

Þegar drög að aðgerðaáætlun eru tilbúin er sveitarfélagi/stofnun velkomið að senda hana til farsældarsviðs BOFS (farsaeld@bofs.is) sem getur þá veitt endurgjöf og aðstoð við einstaka þætti.

Mælt er með því að aðgerðaáætlun sé lögð fyrir sveitarstjórn og/eða fastanefndir sveitarfélaga, eða yfirstjórnir stofnana og hún samþykkt formlega en það er mikilvægur liður í eignarhaldi innleiðingarinnar. Einnig er mælt til þess að aðgerðaáætlun sé kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og þjónustugegum stofnana, t.d. á heimasíðu sveitarfélagsins/stofnunarinnar.

Sniðmát


[Sniðmát fyrir aðgerðaáætlun og fræðsluáætlun](#)

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 4 - Aðgerðaáætlun



- **Samstarf:** Mikilvægt er að gott samstarf sé til staðar milli ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar og umsjónarmanns Barnvænna sveitarfélaga.
 - Eru aðgerðir sem eiga heima báðum megin?



5. skref – Framkvæmd

- Umsjónarmenn aðgerða halda utan um framkvæmd aðgerða og tryggja þeim framgöngu
- Framvinda aðgerða er reglulega metin til að greina frávik frá aðgerðaáætlun
- Umsjónarmenn aðgerða leita til ábyrgðaraðila innleiðingar og/eða stýrihóps ef þörf er á stuðningi
- Ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna hefur greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá farsældarsviði BOFS á meðan á framkvæmdaskrefi stendur

Umsjónarmaður aðgerða og verkefnahópar, í samvinnu við stýrihóp, halda utan um framkvæmd einstakra aðgerða og tryggja þeim framgöngu í takt við það sem útlistað er í aðgerðaáætlun.

Mikilvægt er að fylgjast vel með og meta framvindu verkefnis reglulega til að greina frávik frá aðgerðaáætlun þannig að unnt sé að bregðast við með aðgerðum svo sett markmið náist.

Ábyrgðaraðilar aðgerða leita til ábyrgðaraðila innleiðingar farsældarlaganna ef einhverjar hindranir koma upp við framkvæmd þeirra aðgerða. Einnig geta þeir virkjað stýrihóp farsældar ef þess gerist þörf.

Hafa ber í huga að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna hefur greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá farsældarsviði BOFS (farsaeld@bofs.is) á meðan á framkvæmdaskrefi stendur.

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 5 - Framkvæmd



- **Samvinna:** Ef aðgerð tengist báðum innleiðingarverkefnum er gagnlegt að vinna saman að framkvæmdinni.



6. skref – Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur

- Þegar allar aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa verið uppfylltar eru niðurstöður teknar saman í lokamat
- Mælt er með endurgjöf frá farsældarsviði BOFS og breytingar gerðar ef tilefni er til
- Sveitarfélag/stofnun setur sér verklagsreglur um vinnslu mála samkvæmt farsældarlögum sem byggja á lokamati
- Niðurstöður og verklagsreglur eru kynntar fyrir öllum sem stýra og sinna þjónustu við börn hjá sveitarfélagi/stofnun
- Niðurstöður kynntar út á við til samfélagsins

Þegar ábyrgðarmaður innleiðingar farsældarlaganna og stýrihópur sveitarfélagsins/stofnunarinnar telur sig hafa uppfyllt allar aðgerðir aðgerðaáætlunar þá eru niðurstöður teknar saman í lokamat. Á þessu stigi er gagnlegt að fylla aftur út gátlistana í skrefi 2, bera saman niðurstöður við fyrra mat og sjá hvort tilætluðum árangri sé náð.

Eftir lokamat og endurgjöf frá BOFS er mælt með því að sveitarfélag/stofnun setji sér verklagsreglur um vinnslu mála samkvæmt farsældarlögum. Verklagsreglurnar taka þá til þátta eins og vinnslu og meðferðar persónuupplýsinga, samráðs við aðrar stofnanir og almenna þjónustuveitendur og hvernig þjónustuveitendur bera sig að þegar þeir sjá að þörfum barna er

ekki mætt. Einnig gæti verið gagnlegt að setja verklagsreglur um vinnslu tengiliða og málstjóra farsældar í samþættingu þjónustu, flutning mála frá einu stigi til annars og fræðslu til barna og foreldra um farsældarlögin og hvernig hægt er að nálgast þjónustuna o.fl. Mælt er með á þessu stigi að óskað sé eftir endurgjöf frá farsældarsviði BOFS (farsaeld@bofs.is). Sveitarfélagið/stofnunin getur þá brugðist við og gert breytingar út frá endurgjöfinni ef tilefni er til.

Mælt er með því að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna, í samráði við stýrihópinn, kynni verklagsreglur sveitarfélagsins/stofnunarinnar fyrir öllum sem stýra og sinna þjónustu við börn. Einnig er mælt með að niðurstöðunum sé gert hátt undir höfði og þær kynntar út á við til samfélagsins, til dæmis á vefsíðu og/eða samfélagsmiðlum sveitarfélags/stofnunar, með kynningum eða í fréttatilkynningu. Sum sveitarfélög hafa kosið að halda sérstakan farsældardag með öllum þeim sem veita þjónustu við börn hjá sveitarfélaginu. Slíkir dagar skapa vettvang fyrir kynningar og umræður í tengslum við nýtt verklag og nýja hugsun út frá farsældarlögum.

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 6 - Mat og viðurkenning



- **Kynning:** Mikilvægt er að hampa árangri því þannig skilur fólk betur tilgang verkefnanna og tengir frekar við sin störf. Árangur beggja innleiðingarverkefna þarf að kynna vel út á við:
 - Innan stjórnsýslunnar
 - Meðal starfsfólks
 - Meðal barna, foreldra, íbúa
- Mögulegt er að tengja innleiðingarverkefnið við þetta tækifæri



7. skref – Ný markmið og áframhald

- Ný markmið og áætlun um að viðhalda farsæld
- Vinna svæðisbundinna farsældarráða er mikilvægur hlekkur í mótun nýrra markmiða og viðhaldandi aðgerða
- Nýting tölfraeðilegra gagna í mælaborði farsældar með markvissum hætti við forgangsröðun og mat á áhrifum aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga

Það að viðhalda farsældinni í öllu starfi með börnum og fjölskyldum er eilífðarverkefni þar sem ákvæði laganna geta tekið breytingum sem og aðstæður og umhverfi barna og fjölskyldna. Því þarf stöðugt að vera að endurskoða í því skyni að tryggja að unnið sé í anda farsældarlaganna í sveitarfélögum/stofnunum.

Í því samhengi er mikilvægt að ábyrgðaraðili innleiðingar farsældarlaganna, ásamt stýrihópi farsældar, setji niður ný markmið og nýja áætlun um hvernig viðhalda á farsældinni í öllu starfi sveitarfélags/stofnunar sem viðkemur þjónustu við börn. Huga þarf til að mynda að þáttum eins og starfsmannabreytingum hjá þeim sem bera ábyrgð á og veita farsældarþjónustu, uppfærslu úrræðalista og fræðslu til foreldra og barna.

Svæðisbundin farsældarráð eru mikilvægur hlekkur í mótun nýrra markmiða. Samkvæmt 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ber sveitarfélögum að skipa svæðisbundið farsældarráð. Ráðin skipa fulltrúar þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga sem gegna lykilhlutverki í að tryggja farsæld barna á ákveðnu svæði. Farsældarráðunum er ætlað að skapa samráðsvettvang og áætlanagerð varðandi aðgerðir í þágu barna. Einnig skal farsældarráð hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði, t.d. með þátttöku ungmennaráða við gerð aðgerðaáætlunar og forgangsröðun aðgerða. Því er mikilvægt að huga vel að skipan og vinnu farsældarráða sem sveitarfélagið/stofnunin tilheyrir.

Eitt af hlutverkum svæðisbundinna farsældarráða er að vinna aðgerðaáætlun þar sem fram kemur forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára. Aðgerðaáætlunin tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins sem og niðurstöðum farsældarþings. Sveitarfélög vinna skýrslur um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða á tveggja ára fresti. Áætlanir og skýrslur skulu sendar til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV).

Með tilkomu mælaborðs farsældar geta farsældarráðin og aðrir aðilar sem koma að þjónustu við börn nýtt tölfraeðigögn sem til eru með markvissum hætti, m.a. við forgangsröðun aðgerða og

mat á áhrifum aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Í mælaborðinu eru tekin saman tölfræðigögn sem varpa ljósi á farsæld barna á Íslandi með heildstæðum hætti. Mælaborðið byggir á fimm grunnstoðum farsældar og markmið þess er að veita yfirsýn yfir stöðu farsældar barna á Íslandi á hverjum tíma, með áherslu á viðkvæma hópa og samfélagslegar áskoranir. Jafnframt er því ætlað að fylgjast með þróun farsældar yfir tíma og aðstoða við að leggja mat á árangur innleiðingar farsældarlaganna. Í því samhengi er bent á nýjan verkefna- og kynningarstjóra sem kemur til með að vinna að verkefnum sem tengjast velferð barna og ungmenna á Íslandi. Hann mun vinna náið með Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, sveitarfélögum landsins, mennta- og barnamálaráðuneytinu og öðrum aðilum sem tengjast Íslensku æskulýðsrannsókninni.

Á vormánuðum 2024 var fyrsti samningur um myndun svæðisbundinna farsældarráða undirritaður af mennta- og barnamálaráðherra og framkvæmdarstjóra Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þegar Vesturland varð fyrsti landshlutinn til að sameinast um farsældarráð. Hér að neðan, í nytsamlegum hlekkjum, er hægt að finna frétt sem birt var á vef Stjórnarráðsins við undirritun samningsins.

Taka ber fram að vinna í kringum svæðisbundin farsældarráð er enn í mótun og útfærslur geta verið ólíkar eftir landssvæðum. Framangreindar upplýsingar geta því tekið breytingum með aukinni þekkingu og reynslu af slíkri vinnu. Sveitarfélög, sem hafa ekki starfrækt svæðisbundið farsældarráð, eru hvött til að skoða

hver ávinningur þeirra er með samstarfi við önnur nærliggjandi sveitarfélög um myndun og samvinnu svæðisbundinna farsældarráða.

Gátlisti

- [Gátlisti 7.1 – Ný markmið og áframhald](#) (Word) - [Rafrænn](#)

Nytsamlegir hlekkir

- [Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála](#)
- [Stjórnarráðið | Vesturland fyrsti landshlutinn til að sameinast um svæðisbundið farsældarráð \(stjornarradid.is\)](#)
- [Farsældarþing 2023 – upptaka](#)
 - [Niðurstöður Farsældarþings 2023 PDF](#)
- [Mælaborð farsældar](#)
 - Myndband: [Kynning á Mælaborði farsældar barna](#)

Gagnlegt að hafa í huga þegar vinna á saman innleiðingu farsældarlaganna og Barnvænna sveitarfélaga

Skref 7 - Ný markmið og endurmat



- **Ný markmið og endurmat:** Viðhalda þarf bæði innleiðingu Barnasáttmálans og innleiðingu farsældarlaganna – hvort tveggja fer hring eftir hring. Í báðum tilfellum eru sumar aðgerðir sem halda áfram og aðrar sem koma nýjar inn.
 - Mikilvægt er að skoða hvort það séu aðgerðir sem tengjast báðum verkefnum, sem eiga heima á báðum stöðum.
- **Fræðsla:** Fræðslan í tengslum við bæði innleiðingarverkefni heldur alltaf áfram og hana má samnýta.
 - Bæði þarf að viðhalda fræðslu og fræða nýtt starfsfólk sem og nýja foreldra og börn.

Svona höfum við áhrif í farsælum sveitarfélögum og stofnunum

Innleiðing nýrrar hugsunar, verklags og viðhorfa í þjónustu við börn og fjölskyldur krefst þess að unnið sé á kerfisbundinn hátt að því að bæta verkferla innan sveitarfélaga og stofnana. Breytingarkenningar geta hjálpað til við að skilja og stýra breytingum á markvissan hátt.

Með því að leggja áherslu á aðgerðir sem stuðla að árangri, skapa jákvæðar afurðir og hafa varanleg áhrif, er unnt að ná fram árangursríkum breytingum fyrir þjónustuveitendur, börn og foreldra.

Nytsamlegir hlekkir

- [Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð – Stjórnarráð Íslands 2013](#)



Fyrirmyndarverkefni farsældar

Frumkvöðlasveitarfélög farsældar

Sveitarfélögin Akraneskaupstaður, Akureyrarbær, Sveitarfélagið Árborg og Vestmannaeyjabær tóku að sér að gerast svokölluð „frumkvöðlasveitarfélög“ við innleiðingu farsældarlaganna frá upphafi innleiðingar. Með því að taka þetta hlutverk að sér hefur það gefið sveitarfélögunum bæði rými og tækifæri til að reka sig á áskoranir og afla þannig upplýsinga sem önnur sveitarfélög geta lært af. Hlutverkið felur einnig í sér reglubundna samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu á innleiðingartímanum sem hefur skapað grundvöll til umræðu um áskoranir og ávinning og hefur það m.a. leitt af sér samráð um gerð og prufukeyrslu stuðningsefnis.

Hér að neðan má finna upplýsingar um verkefni sem frumkvöðlasveitarfélögin hafa unnið að með góðum árangri, svokölluð fyrirmyndarverkefni farsældar. Vonir standa til þess að önnur sveitarfélög og stofnanir geti lært af reynslu þeirra og nýtt í sinni vegferð í átt að farsæld allra barna.



Akraneskaupstaður – Í átt að farsælu og barnvænu sveitarfélagi

Sólveig Sigurðardóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu barna
Vigdís Elfa Jónsdóttir, málstjóri

Hjá Akraneskaupstað var tekin meðvituð ákvörðun um að vinna saman tvö stór innleiðingarver innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlögin) og innleiðingu á Barnvænu sveitarfélagi. Þetta var m.a. gert með því að ráða til starfa verkefnastjóra farsældar og Barnvæns sveitarfélags. Þannig var skýrt frá upphafi að verkefnin tvö væru nátengd og ættu að vera unnin samhliða.

Verkefnið felst í því að skapa barnamiðaða og heildstæða farsældarþjónustu fyrir öll börn á Akranesi. Þannig var markmiðið að efla skilning og vitund allra sem starfa með eða í þágu barna og fjölskyldna á réttindum barna og mikilvægi þess að hlusta á raddir þeirra og stuðla að jöfnum tækifærum og þátttöku allra barna og ungmenna á Akranesi.

Framkvæmd

Með farsældarlögunum er í fyrsta sinn kveðið á um samræmda mælikvarða sem lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna á þrjú þjónustustig. Með samræmdri stigskiptingu fæst yfirsýn yfir þjónustukerfi og mynd af því hvernig hægt er að tryggja skilvirka og samfellda þjónustu við hæfi allra barna. Þetta verklag talar vel við innleiðingu á Barnvænu sveitarfélagi og því var tekin

ákvörðun um að innleiða farsældarlögin samhliða innleiðingu Barnvæns sveitarfélags á Akranesi.

Innleiðing farsældar og Barnvæns sveitarfélags á Akranesi hófst haustið 2021. Farið var í fræðslu- og kynningarherferð þar sem allir þjónustuveitendur skv. farsældarlögum, ásamt starfsfólki bæjarins og kjörnum fulltrúum, fengu kynningu á nýjum farsældarlögum og þeim breytingum sem fram undan voru í þjónustu við börn og fjölskyldur, ásamt kynningu um innleiðingu Barnvæns sveitarfélags. Kynningin fór í alla leik-, grunn- og framhaldsskóla bæjarins, sem og Heilbrigðisstofnun Vesturlands og síðar til lögreglu, dagforeldra, sýslumanns og íþróttafélaga.

Unnið var út frá innleiðingarskrefum Barnvænna sveitarfélaga og innleiðing farsældarlaganna tengd við þau. Sendir voru út spurningalistar, bæði til barna og starfsfólks kaupstaðarins. Starfsfólk tók einnig rafrænt námskeið um Barnasáttmálann og haldin var barnvæn gleði á bæjarskrifstofunni þar sem starfsfólk var tekið í ýmsa leiki tengda málefnum barna. Þá var farið yfir lögin og það markmið sveitarfélagsins að verða Barnvænt sveitarfélag sem veitir framúrskarandi farsældarþjónustu fyrir öll börn, þar sem jafnræði og þátttaka er lykilatriði.

Nýttir voru samfélagsmiðlar kaupstaðarins til kynningar á verkefninu, m.a. á degi mannréttinda barna og eins eftir þörfum. Gerð voru myndbönd um farsældina þar sem vitnað var í Barnasáttmálann og þannig voru verkefnin enn frekar tengd saman.

Ráðnir voru inn málstjórar á velferðar- og mannréttindasvið og tengiliðir útnefndir skv. farsældarlögum. Þessir aðilar komu einnig inn í innleiðingu Barnvæns sveitarfélags á þann hátt að fara með og halda uppi fræðslu um verkefnið á sinni starfstöð. Sem dæmi fékk tengiliður í leikskóla þá ábyrgð að tryggja að allt starfsfólk leikskólans fengi nauðsynlega fræðslu um Barnasáttmálann og aðra fræðslu sem gerð er krafa um í innleiðingarferli Barnvæns sveitarfélags.

Árangur

Árangur verkefnisins er sá að þjónusta við börn og fjölskyldur á Akranesi hefur orðið betri og markvissari, m.a. vegna innleiðingar farsældarlaga, þar sem nú er unnið með stigskipta farsældarþjónustu, stuðningsteymi, snemmtækan stuðning og samstarf tengiliða og málstjóra.

Þá hefur að sama skapi orðið mikil vitundarvakning um rétt barna og ungmenna til þátttöku í málum sem þau varða. Þannig hefur innleiðing farsældar ekki bara snúið að þeim sem veita þjónustuna (þjónustuveitendur skv. lögum) heldur einnig og ekki síður að þeim sem þiggja þjónustuna sem eru börn, ungmenni og fjölskyldur.

Jafnframt hafa þau sem starfa hjá Akraneskaupstað og ekki koma beint að þjónustu við börn, þ.e. kjörnir fulltrúar, svið, ráð og nefndir, orðið meðvitaðri og meiri þátttakendur í innleiðingu að breyttri og bættri hugsun þegar kemur að vernd, umönnun og þátttöku barna á Akranesi.

Heimild: [Fyrirmyndarverkefni – Barnvæn sveitarfélög 2023](#)

Sveitarfélagið Árborg – Stafræn vegferð farsældarteymis Árborgar við innleiðingu skilvirkra boðleiða þvert á þjónustukerfi

Heiða Ösp Kristjánsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs
Kristín Björk Jóhannsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri í farsældarteymi

Farsældarteymi Árborgar var stofnað í upphafi árs 2022 þegar lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi. Fulltrúar í farsældarteyminu komu frá skólajónustu, frístundajónustu og velferðarþjónustu en þessar deildir mynda fjölskyldusvið Árborgar ásamt undirstofnunum. Hlutverk farsældarteymisins var að leiða innleiðingu á þverfaglegum starfsháttum, móta verkferla, styðja við snemmtækan stuðning og þróa stigskipta farsældarþjónustu.

Farsældarteymið sem þverfaglegur samvinnuhópur hóf vegferðina að mótun og innleiðingu samþættrar þjónustu í Árborg með því að rýna á dýptina í verklag og vinnubrögð innan fjölskyldusviðs í þeim tilgangi að greina áskoranir og tækifæri innan eigin stjórnslu.

Til staðar var vel varðað verklag á milli leik- og grunnskóla og skólajónustu til að mæta áhyggjum af þroska og velferð barna. Auk þess var þegar rík hefð fyrir þverfaglegri teymisvinnu í kringum málefni barna með sérfræðingum skólajónustu, frístundajónustu, ráðgjöfum velferðarþjónustu í fötlunarmálum og barnavernd. Frístundajónustan hefur jafnframt skipað lykilhlutverk í lausnavinnu með því að búa yfir bæði

snemmtækum og sérhæfðari úrræðum innan sinna raða. Spurningin var því hverju farsældarlögin áttu að **bæta** við? Var þjónustan ekki nú þegar snemmtæk og samþætt?

Framkvæmd

Til þess að greina betur gildi og ávinning farsældarlaganna var nauðsynlegt að skoða vel hvernig þau töluðu saman við önnur lög og reglugerðir sem hafa mótað starfshætti fjölskyldusviðs. Ígrundun á dýptina fól í sér að rýna í hugmyndakerfi starfstétta og deilda með það að leiðarljósi að skilja hvernig hugmyndir hafa mótað faglega sýn og vinnulag innan fjölskyldusviðs. Farsældarteymið nýtti sína samráðsfundi til að spegla verklag út frá ólíkum sjónarmiðum og regluverki sem fulltrúar fylgdu eftir inn í sínar deildir. Verkefnastjóri leiddi jafnframt ígrundandi samtal með skólástjórnendum í leik- og grunnskólum, tengiliðum og málstjórum þar sem horft var inn á við í starfshætti stofnana og deilda.

Þegar horft er til baka þá voru þessi samtöl faglega upplýsandi og lögðu grunninn að þeim farsældarskrefum sem varða þurfti á innleiðingartímanum. Upp á yfirborðið komu fram mynstur hugmynda um eðli og ávinning samþættrar þjónustu án hindrana. Þessar hugmyndir þurfti að brúa í sameiginlega sýn til að tryggja að allir þjónustuveitendur væru á sömu vegferð við innleiðingu farsældarlaganna.

Viðurkenning á að deildir fjölskyldusviðs nálgast mál með mismunandi hætti út frá ólíkum lagagrunni var fyrsta skrefið að sameiginlegri sýn. Traust á milli faghópa og auðmýkt gagnvart

þeirri ábyrgð sem fylgir því að hafa heimild til að miðla upplýsingum á milli þjónustuveitenda var næsta skrefið. Skilningur á mikilvægi þess að styðja við þróun faglega starfshátta var lokaskrefið.

Sameiginleg sýn farsældarteymis Árborgar þróaðist í þá átt að skýr upplýsingamiðlun og boðleiðir í stjórnsýslu væru lykillinn að því að skapa örugg tengsl á milli þjónustuveitenda og mikilvæg forsenda þess að geta veitt samþætta þjónustu án hindrana. Í raun að fjarlægja kerfislægar hindranir með því að samþætta fyrst innri starfsemi.

Teiknaðir voru upp ferlar sem þurfti að brúa og varða með skilvirkum leiðum og aðgengilegum verkfærum. Stafræn þjónusta sveitarfélagsins, persónuverndarfulltrúi og skjalastjóri sveitarfélagsins komu þá til sögunnar í þróunarferlinu og unnu með farsældarteyminu að framsýnum lausnum til að einfalda samstarf þvert á þjónustukerfi. Inn í þróunarvinnuna komu jafnframt fulltrúar frá farsældarsviði BOFS með sína sérhæfðu þekkingu ásamt samstarfsfólki í öðrum sveitarfélögum sem voru á sömu vegferð.

Árangur

Mögnuð þverfagleg samvinna sem hefur haft þann ávinning í för með sér að þróa stafrænar lausnir sem styðja eiga við skilvirka og samþætta vinnslu þjónustukerfa. Þróunarferlið er nú á lokametrum og innleiðing á þessum stafrænu lausnum komin vel á veg. Umgjörðin byggir á að nýta þau eyðublöð sem BOFS hefur gefið út við hönnun sniðmáta í málakerfi.

- **Beiðni um samtal við tengilið á island.is:** Markmiðið er að auðvelda aðgengi foreldra/barna að tengiliðum með rafrænni beiðni um samtal til að meta þörf fyrir samþættingu þjónustu. Beiðnin virkjast beint inn í málakerfi grunnþjónustu sem á að styðja við skilvirka svörun við beiðni um samtal.
- **Málakerfi grunnþjónustu:** Markmiðið er að tengiliðurinn hafi aðgang að vinnslusvæði sem styður við faglega og skilvirka vinnslu. Sniðmát fyrir matsviðtalið og áætlun um næstu skref er aðgengileg ásamt rafrænni undirskrift á beiðni um samþættingu þjónustu. Tengiliður getur í framhaldi matsviðtals, með einföldum og öruggum hætti, miðlað niðurstöðum og undirritaðri beiðni um samþættingu í gegnum málakerfið til barnateymis velferðarþjónustu sem úthlutar málstjóra í málið. Upplýsingar um afgreiðslu vistast beint inn í mál barns sem tryggir að ekki verði rof í vinnslu.
- **Málakerfi fjölskyldusviðs:** Markmiðið er að málakerfi í grunnþjónustu og málakerfi hjá fjölskyldusviði verði tengd saman svo vinnslan geti orðið samhæfð þvert á þjónustukerfi. Málstjóri hafi aðgang að rafrænu sniðmáti fyrir stuðningsáætlun sem tryggir þjónustuveitendum aðgang að skjalinu á vinnslustigi og lokaútgáfu. Sniðmát fyrir fundargerðir og samþykkt verkefni verða einnig til staðar í málakerfinu og tengd inn í mál barns í grunnþjónustu.

Lærdómur farsældarteymis Árborgar í þessu innleiðingarferli er að forsenda þess að samþætting verði að veruleika er að tryggja skilvirka innri verkferla í takt við stjórnslu í hverju sveitarfélagi. Stafrænar lausnir munu til framtíðar styðja við faglega og samþætta vinnslu mála þannig að tími þjónustuveitenda nýtist sem best í að styðja við farsæld barna og fjölskyldna með þverfaglegri samvinnu.

Ritað: Júní 2024

Vestmannaeyjabær – Lærdómsferli innleiðingar: reynsla af innleiðingarferlinu og viðhorfsbreytingum í samfélaginu

Silja Rós Guðjónsdóttir, umsjónarfélagsráðgjafi og innleiðingarstjóri farsældar

Vestmannaeyjabær er nú á sínu þriðja ári í að vinna eftir lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna en opnað var fyrir beiðnir um samþættingu frá foreldrum og börnum í byrjun árs 2022.

Framkvæmd

Áður en lögin voru samþykkt þá bjuggum við svo vel að því að öflugt samstarf var þá þegar á milli velferðar- og skólajónustu. Fjölskyldu- og fræðsluvið var sameinað í eitt svið árið 2006, síðan þá hefur samstarfið verið gott og boðleiðir stuttar en út frá samþættingarvinnunni varð samstarfið enn öflugra og betra.

Í innleiðingarferlinu byrjuðum við á að kortleggja stöðuna hjá okkur, þ.e. hvað við værum að gera nú þegar, hvaða úrræði og samstarfsverkefni við höfðum og þá hvort og hvernig það passaði inn í samþættingarvinnuna. Einnig var kortlagt hvað vantaði upp á til að uppfylla öll skilyrði. Við byrjuðum á að boða alla þjónustu-veitendur á fund þar sem lögin og hlutverk þjónustuveitenda var vel kynnt og ræddar voru ýmsar leiðir og útfærslur af vinnunni og samstarfinu. Einnig voru haldnar kynningar fyrir allt starfsfólk þjónustuveitenda sem og fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélagsins. Því næst voru teknar ákvarðanir í samstarfi við stjórnendur þjónustuveitenda um hver myndi sinna hlutverk tengiliða og málstjóra, svo

var farið í það að útbúa eyðublöð og verkferla fyrir bæði tengiliði og málstjóra.

Þegar þetta var allt klárt var farið í það að auglýsa þjónustuna og var hún auglýst á öllum miðlum sveitarfélagsins og kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundum í skólunum. Áhuginn leyndi sér ekki því um leið og hægt var að senda inn beiðni um samþættingu þjónustu bærust okkur fjölmargar beiðnir. Í lok árs 2022 var fjöldi mála í samþættingu 105, af rúmlega 900 börnum sem þá voru búsett í sveitarfélaginu. Þetta fór hratt og vel af stað hjá okkur en við finnum í dag, núna á þriðja ári, ákveðið jafnvægi vera komið á beiðnirnar. Hægst hefur á fjölda beiðna um samþættingu sem við teljum eðlilegt í ljósi þess hversu ört þær komu inn í byrjun og eru sum af þeim málum enn í virkri vinnslu. Við skynjum jákvæðar breytingar og ánægju meðal þeirra sem bæði veita þjónustuna og njóta hennar. Við erum einnig alltaf að læra eitthvað nýtt og þróa og betrumbæta vinnuna og útfærsluna hjá okkur eftir því sem hentar best fyrir þjónustuþega og þjónustuveitendur.

Aðlögun og breytingar

Sem dæmi um breytingar sem hafa átt sér stað er hægt að nefna breytingar á eyðublöðum og verferlum, og höfum við uppfært eyðublöð og verkferla eftir því sem hentar best.

Einnig hafa orðið breytingar á tengiliðum sem fyrst voru deildarstjórar í leik- og grunnskóla. Í leikskólunum fólst breytingin í því að sérkennslustjóri hvers leikskóla er nú tengiliður í stað deildarstjóra, það var farsæl breyting að okkar mati. Í grunnskólunum varð breytingin sú að starfsmaður skólajónustu var skilgreindur sem verkefnastjóri tengiliða, hann er þá starfsmaður skóla-

þjónustu en með aðsetur út í skólunum. Verkefnastjórinn heldur því bæði utan um tengiliði skólans og sinnir tengiliðahlutverkinu. Hann ber einnig ábyrgð á því að kynna samþætta þjónustu fyrir börnum og foreldrum skólans og hefur frá því hann byrjaði gengið í allar stofur skólans, kynnt sig og sitt hlutverk. Við teljum þetta einnig vera farsæla breytingu hjá okkur. Verkefnastjóri tengiliða er í góðu samstarfi við innleiðingarstjóra sem og málstjóra á 2. og 3. stigs þjónustu.

Einhverjar breytingar voru á því hverjir voru skilgreindir sem málstjórar en fyrst var ákveðið að allir ráðgjafar félags- og skólaþjónustu yrðu málstjórar. Stuttu síðar ákváðu innleiðingarstjórar að skólasálfræðingur yrði ekki málstjóri heldur nýttur sem úrræði inn í stuðningsáætlun. Börn í samþættingu gátu því fengið þrjú viðtöl hjá sálfræðingi inn í áætlun hjá sér. Sálfræðingurinn metur svo hvort þörf er á áframhaldandi vinnslu hjá sér. Þetta var einnig góð breyting og höfum við bætt við hegðunarráðgjafa sem úrræði í stuðningsáætlun.

Það hafa orðið ótal breytingar á því hvernig beiðnum var útdelt. Fyrst fór það í gegnum nemendavernd þar sem beiðnum var útdelt til deildarstjóra sem þá voru tengiliðir. Það stóð ekki lengi yfir og var alfarið tekið út úr nemendaverndinni. Í dag er ekki verið að bíða eftir neinum fundum og því engin bið eftir að máli sé komið á réttan stað. Börn og foreldrar hafa óhindraðan aðgang að tengiliðum og getur vinnan því hafist í viðtali hjá tengilið þar sem hann fyllir út matsblað og beiðni um samþættingu ef matið gefur það til kynna að það væri hagur barns að samþætta málið. Einnig ef foreldrar senda beiðni um samþættingu rafrænt í gegnum

gáttina þá er því komið til tengiliða eða málstjóra, eftir því sem við á, samdægurs og beiðnin berst.

Við höfum alltaf haldið ítarlega utan um allar skráningar en bættum við skráningarskjalið okkar í kjölfar skráninganna sem var óskað eftir að kæmi mánaðarlega frá BOFS.

Áframhald

Þó komið sé ágætis jafnvægi á vinnuna í kringum farsældarlögin þá erum við alltaf að læra og alltaf að skoða hvort og þá hvað við getum gert betur og öðruvísi hjá okkur til að þjónustan verði sem best fyrir þá sem óska eftir henni og sinna henni.

Að lokum langar mig að láta fylgja með texta frá móður sem á barn sem fær þjónustu á 2. stigi samþættingar:

“Mér finnst eitthvað svo fallegt við það að sonur minn eigi sinn eigin málstjóra sem bæði ég og hann getum leitað til. Mér leið eins og ég væri búin að vera að berjast við vindmyllur í 3 ár þar sem ég sjálf þurfti að óska eftir teymisfundi og berjast fyrir öllu. Fékk því hlýju og gleði í hjartað þegar ÉG var svo boðuð á teymisfund hjá syni mínum af málstjóranum hans. Er ótrúlega ánægð með þessa þjónustu og þessi nýju lög”.

Ritað: september 2024

Eyðublöð og útgefið stuðningsefni

Eyðublöð og leiðbeiningar til foreldra um samþættingu þjónustu

- **Eyðublöð – á íslensku, ensku og pólsku**
 - [Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra / Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra – meðganga](#)
 - [Beiðni um samþættingu þjónustu / Beiðni um samþættingu þjónustu meðganga](#)
- [Leiðbeiningar með eyðublöðum \(íslenska\), enska, pólska](#)

Stuðningsefni fyrir ábyrgðaraðila innleiðingar farsældar og/eða stýrihóp

- Kynningarefni, [myndband](#) og [glærुकynning](#)
- [Farsældarþjónusta útskýring – frá almennri til sérhæfðari þjónustu](#)
- [Farsældarþjónusta útskýring – frá almennri til sérhæfðari](#)
- [Farsældarþjónusta útskýring - stigskipting](#)
- [Sýnishorn af aðgerðaáætlun og fræðsluáætlun](#)
- [Sniðmát af stöðuskýrslu vegna innleiðingar farsældar](#)

Stuðningsefni fyrir tengiliði farsældar

- [Matsblað tengiliða farsældar – Mat á þjónustupörf](#)
- [Fylgiskjal vegna Matsblaðs tengiliða farsældar – leiðbeiningar um notkun og ákveðin atriði](#)
- [Viðtalsvísir](#)

- [Gátlisti 1.1 – Mat á þörf fyrir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Gátlisti 1.2 – Kynning á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Gátlisti 1.3 – Að auka tiltrú fjölskyldna á að samþætting þjónustu sé í þágu farsældar barna](#)
- [Leiðbeiningar um flutning mála](#)
- [Leiðbeiningar fyrir tengiliði farsældar um skráningu sem skilað er til BOFS](#)
- **Veggspjöld til útprintunar – Tengiliður „Hæ, get ég aðstoðað?“**
 - [Heilsugæsla](#)
 - [Leikskóli](#)
 - [Grunnskóli](#)
 - [Framhaldsskóli](#)

Stuðningsefni fyrir málstjóra farsældar

- [Stuðningsáætlun farsældar](#)
- [Fylgiskjal vegna stuðningsáætlunar farsældar – leiðbeiningar um notkun og ákveðin atriði](#)
- [Aðkoma barns að vinnu stuðningsteymis](#)
- [Aðkoma sjálfstætt starfandi sérfræðinga að vinnu stuðningsteymis](#)
- [Skapalón fyrir fundargerðir stuðningsteyma](#)
- [Flæðirit samþætting og barnavernd](#)
- [Leiðbeiningar um flutning mála](#)

- [Leiðbeiningar fyrir málstjóra farsældar um skráningu sem skilað er til BOFS](#)

Farsældarmerki og annað myndefni

- [Mappa](#) með jpg/png farsældarmyndum til niðurhals

Kynningarefni til útprentunar

- Veggspjöld – Tengiliður „Hæ, get ég aðstoðað?“
 - [Tengiliður farsældar í heilsugæslu](#)
 - [Tengiliður farsældar í leikskóla](#)
 - [Tengiliður farsældar í grunnskóla](#)
 - [Tengiliður farsældar í framhaldsskóla](#)
- [Innleiðingarhringur farsældar](#)
- [Samstarfsaðilar innleiðingar farsældarlaganna](#)
- [Svona höfum við áhrif í farsælum sveitarfélögum og stofnunum](#)

Heimili og skóli – landssamtök foreldra

- [Farsældarsáttmálinn](#)
 - Frétt: [Endurreisn foreldrastarfs í þágu farsældar barna](#)

Íþróttahreyfingin

- [Almenn kynning fyrir íþróttahreyfinguna – ábyrgð og skyldur þjálfara](#)
- [Einblöðungur fyrir íþróttahreyfinguna](#)

Nytsamlegir hlekkir

Lög og reglugerðir

- [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
 - [Á íslensku](#)
 - [Á ensku](#)
- [Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Lög um Barna- og fjölskyldustofu](#)
- [Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála](#)
- [Reglugerð um tengiliði og málstjóra í þágu farsældar barna](#)
- [Reglur um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)
- [Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013](#)
- [Æskulýðslög](#)
- Breytingar á ýmsum sérlögum í þágu farsældar barna:
 - [Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála](#)
 - [Lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla, æskulýðslög og íþróttalög](#)

- [Barnaverndarlögin](#)

Mennta- og barnamálaráðuneytið

- [Heimasíða MRN](#)
- [Framlög Jöfnunarsjóðs 2024 vegna samþættingar á þjónustu í þágu farsældar barna](#)
 - [Myndband: Fjárhagslegur ávinningur og kostnaður](#)
- [Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna – stöðuskýrsla til ráðherra á þriðja ári innleiðingar](#)
- [Farsældarþing 2023](#)
 - [Upptaka frá Farsældarþinginu 2023](#)
 - [Samantekt á helstu niðurstöðum Farsældarþings 2023](#)
- [Farsæld barna.is – Heimasíða á íslensku, ensku og pólsku og mælaborð farsældar](#)
 - [Myndband: Kynning á mælaborði farsældar barna](#)
 - [Íslenska æskulýðsrannsóknin](#)
- [Frétt: Stjórnarráðið | Vesturland fyrsti landshlutinn til að sameinast um svæðisbundið farsældarráð \(stjornarradid.is\)](#)

Barna- og fjölskyldustofa

- [Heimasíða BOFS](#)
 - [Hlekkur á eyðublöð, leiðbeiningar og stuðningsefni fyrir tengiliði og málstjóra farsældar](#)
- [Farsældarskóli Barna- og fjölskyldustofu](#)

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

- [Heimasíða GEV](#)

Samband íslenskra sveitarfélaga

- [Heimasíða Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

Aðrar leiðbeinandi stofnanir

- [Heimasíða Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu](#)
 - [Heimasíða Landsteymis](#)
- [Heimasíða Ráðgjafar- og greiningarstöðvar](#)

Háskóli Íslands

- [Diplómanám í farsæld barna](#)
- [Farsældarnetið \(ICEWELL\)](#)
 - [Grein: Tímarit félagsráðgjafa - Farsæld barna Diplómanám og rannsóknarnet](#)

Heilbrigðiskerfið

- [Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu](#)
 - [Farsæld barna – ábyrgð heilsugæslu](#)

Embætti Landlæknis – heilsueflandi.is

- [Heilsueflandi.is](#) kerfi [Embættis landlæknis](#) vegna gátlista farsældar í leik-, grunn- og framhaldsskólum
 - [Heilsueflandi leikskóli](#)
 - [Heilsueflandi grunnskóli](#)
 - [Heilsueflandi framhaldsskóli](#)

UNICEF – Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna

- [Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Barnvæn sveitarfélög.is](#)
- [Handbók Barnvænna sveitarfélaga](#)
- [Réttindaskóli UNICEF – þátttaka barna](#)
- [Verkfærakista UNICEF um þátttöku barna](#)
 - Myndband: [Fræðslumyndband UNICEF um jafnræði](#)

Íþróttahreyfingin

- [Íþróttasamband Íslands](#)
 - Frétt: [Íþróttahreyfingin í framlínu farsældar](#)
 - Viðtal: [Skinfaxi - Svæðastöðvar og hagrænar mælistikur gera lífið betra \(bls. 16–20\)](#)

